

UNDIR BÁRUJÁRNSBOGA

LJÓSMYNDASÝNING Í LISTASAFNI REYKJAVÍKUR
HAFNARHÚSINU 25. NÓVEMBER TIL 30. DESEMBER 2000.



Myndir eftir Helgu Hansen (1916-1987), Jón Bjarnason frá
Laugum (1909-1967) og Pál Sigurðsson (1925-1997).


LISTASAFN
REYKJAVÍKUR


LISTASAFN
MÝNDASAFN


JPV FORLAG

Sýningin er samstarfsverkefni Listasafns Reykjavíkur, JPV FORLAGS,
Íslenska myndasafnsins og Eggerts Þórs Bernharðssonar sagnfræðings.

PÁLL SIGURÐSSON (1925–1997)

Páll Einar Sigurðsson fæddist 19. desember 1925 í Reykjavík. Foreldrar hans voru hjónin Sigurður Pálsson, verkstjóri hjá Vegagerð ríkisins og Jóhanna Einarsdóttir, saumakona. Páll ólst upp á Baldursgötu 23 ásamt þremur systurum sínum.

Á skólaárum sínum og eftir gagnfræðapróf árið 1943 vann Páll í fornbókaverslun Guðmundar Gamalielssonar. 14 ára gamall hafði hann einnig ráðið sig sem sendisvein á Rannsóknastofu Háskólans við Barónsstíg þangað sem leið hans lá aftur árið 1945, þá sem ljósmyndari og aðstoðarmaður Nielsar Dungals og síðar sem bókavörður. Páll aðstoðaði Niels við líkkrufningar, m.a. við vefjaskurð og saum en þó einkum við myndatökur á líkum og líffærum. Þessar óvenjulegu starfsaðstæður marka upphaf ljósmyndaferils Páls en það var Niels sem kom því til leiðar að hann hlyti leiðsögn Vigfúsar Sigurgeirssonar, ljósmyndara í Reykjavík, en ætla má að þar hafi hann lært sitthvað um framköllun og vinnslu ljósmynda.

Árið 1948 hófst starfsemi á Tilraunastöð Háskólans að Keldum og fluttist Páll þá þangað sem aðstoðarmaður Björns Sigurðssonar, læknis og vísindamanns. Í þann tíma var sérhæfing minni en seinna varð og þurftu starfsmenn því stundum að sinna mörgum, ólíkum störfum og tileinka sér ólíkar aðferðir og tækni. Á Keldum annaðist Páll meðal annars undirbúning vefjasýna til smásjárskoðunar, bakteríuræktun, framleiðslu bóluefnis, hafði umsjón með bókasafni stofnunarinnar og tók myndir, einkum smásjármyndir. Sumar þessara mynda voru birtar í vísindatímaritum með greinum Björns.

Sem sjálfmenntaður áhugaljósmyndari sótti Páll þó viðfangsefni sín annað en í líkkrufningar og vefjasýni. Eftir hann liggur óvenjustórt safn fjölskyldumynda en börn Páls eru án efa meðal mest myndaðra smábarna á þeim tíma. Þar gerði Páll ýmsar tilraunir með lýsingu, sjónarhorn og myndbyggingu og bera þessar myndir næmu feegurðar- og formskyni hans glöggt vitni. En borgarbarnið Páll, sem frá barnsaldri var forfallinn bókasafnari, var líka mikill áhugamaður um sagnfræði, menningu og mannlíf. Myndefni hans voru því ekki náttúra landsins, fjöll þess og fossar heldur bæjarlíf, hús og fólk, eða eins og hann lýsir því sjálfur: „Ég gekk síðla á sumarkvöldum frá Keldum og niður í bæ og ljósmyndaði allt sem fyrir varð.“ Páll myndaði heldur ekki braggahverfi Reykjavíkur „fyrir Þjóðviljann“ eins og hann var eitt sinn spurður af einum íbúa bragganna, heldur gerði hann það af einskærri forvitni og áhuga á aðstæðum fólks og örlögum.

HELGA HANSEN (1916–1987)

Helga Steinunn Hansen Guðmundsdóttir fæddist á Jófríðarstöðum í Hafnarfirði 21. mars 1916. Hún lést í Reykjavík 1. ágúst 1987. Foreldrar Helgu voru Guðmundur Jónsson verkamaður (f. 24. ágúst 1880, d. 9. mars 1957) og Marin Pétursdóttir (f. 11. mars 1885, d. 2. maí 1962). Helga ólst upp hjá foreldrum sínum í Vesturbænum í Reykjavík, í húsi sem kallaðist Litlaland og stóð við Kaplaskjólsvæg.

Helga gekk í Mýrarhúsaskóla en fór ung að vinna eins og títt var um fólk af hennar kynslóð. Hún vann m.a. við vöskun og þurrkun á fiski en einnig við skógrækt í Laugardal. Þar líkaði henni sérlega vel og síðar minntist hún tímans í skógræktinni með mikilli ánægju enda útivistarkona, t.d. hjólaði hún mikið um Reykjavík og nágrenni þegar hún var ung.

Helga hóf búskap með Jóni Evert Sigurvínssyni frá Saurbæ í Dölum (f. 27. september 1915, d. 6. apríl 1969). Árið 1946 fluttust þau inn í Vatnagarða og bjuggu í Balbokampi 8 í nærri tuttugu ár eða þar til þau fluttust á Kleppsveg 68. Helga eignaðist átta börn, fimm átti hún með Jóni en þrjú börn átti hún áður en hún fór að búa með honum.

Helga Hansen var vakin og sofin yfir velferð heimilisins og sinnti húsmóðurstörfum sínum af sérstakri ræktarsemi. Í Balbokampi lét hún til sín taka enda var Helga félagslynd og glaðleg kona, þar sá hún einnig um sölu mjólkur og skyrs fyrir Mjólkursamsöluna til hagsbóta fyrir íbúana í hverfinu.

Myndirnar á sýningunni tók Helga á gamla Kodak-kassamyndavél sem henni var gefin en hún hafði unun af að taka ljósmyndir og kom víða við í þeim efnum. Filmur Helgu hafa varðveist og eru í vörslu afkomenda hennar, hér sést hluti þeirra mynda sem sýna daglegt líf í Balbokampi um og upp úr 1950.

JÓN BJARNASON FRÁ LAUGUM (1909–1967)

Jón Bjarnason fæddist 5. mars 1909 á Laugum í Sælingsdal í Dölum. Hann var einkabarn hjónanna sem þar bjuggu, Bjarna Jónssonar (Jónssonar í Ásgarði) og Kristínar Pálinu Kristjánsdóttur frá Eiðhúsum í Miklaholtshreppi á Snæfellsnesi.

Jón var settur til mennta og lauk kennaraprófi 1931. Ekki löngu síðar tók hann saman við konu sína, Jóhönnu Bjarnadóttur Jenssonar í Ásgarði (f. 1891, d. 1983) og bjó með henni til dauðadags.

Á fjórða áratug aldarinnar fékkst Jón við ýmis störf, vann t.d. sem kennari og verkamaður. Árið 1941 varð hann blaðamaður við *Nýtt Dagblað* en við *Þjóðviljann* 1942 og þar starfaði hann til 1965, lengst af sem fréttastjóri. Síðustu árin sem hann lifði var hann ritstjóri *Frétta frá Sovétríkjunum*.

Jón hafði alla tíð einlægan áhuga á samfélagsmálum í víðasta skilningi og vann ötullega að þeim. Hann var m.a. annars félagi í Kommúnistaflokki og síðar Sósíalistaflokki, starfaði með Verkamannafélaginu Hlíf og Ferðafélagi Íslands og var mörg ár í stjórn Bláamannafélags Íslands, ýmist sem ritari eða formaður.

Ungur fékk Jón áhuga á ljósmyndun og skildi myndavél sína vart við sig drýggstan hluta ævinnar. Eftir hann liggur stórt myndasafn sem tengist ekki síst starfi hans sem blaðamanns. Í því eru til dæmis frægar myndir sem hann tók af verkfallsátökum á sjötta áratugnum. Utan vinnu naut hann þess hins vegar að taka myndir af hversdagslífi og náttúrunni.

Jón dó í Reykjavík 19. september 1967.

Myndvinnsla á verkum: Íslenska myndasafnið/Guðný Þórarinsdóttir og Christopher Lund.

Stafraen samsetning: Christopher Lund.

Útprintun á segldúk: Nota bene.

Stafraen stækkun á ljósmyndum: Loftmyndir ehf.